



Hugleiðingar norsku- og sænskukennara um beitingu stöðuprófa.

Norska og sænska sem erlent mál er í boði í stað dönsku í 7 – 10 bekk í grunnskóla og síðan til stúdentsprófs. Ekki er um frjálst val að ræða heldur eru gerðar kröfur um forþekkingu nemenda, það er gert ráð fyrir að nemendur hafi töluvert gott vald á málunum til að mega velja norsku/sænsku í stað dönsku. Það má með vissum rétti segja að nemendur kunna norsku áður en þeir hefja námið. „Kunna“ – því hvað er átt við með því að „kunna“ tungumál.

Ef miðað er við Evrópurammann má ganga út frá B1 sem lágmarksfærni og margir nemendur skora vel yfir það.

Sumir nemendur kunna málið mjög vel, hafa það næstum því að móðurmáli og hafa í raun málfærni þegar þau hefja nám í 7.bekk sem myndi duga þeim til að ná stöðuprófi í framhaldsskóla.

Þessi málfærni er mikill fjársjóður fyrir þau og þjóðina. Kennsla í málunum miðar að því að hjálpa þeim að halda viðhalda henni og auka við út frá forsendum hvers og eins og aukins þroska með aldrinum.

Fyrir nemanda sem hefur búið fyrstu 10 ár ævi sinnar í Noregi og flytur svo heim er staðreyndin sú að hann er öruggastur í málnotkun sinni nýkominn heim. Svo fer honum að hraka eftir því sem hann er lengur utan norsks málsamfélags. Hann er í raun líklegastur til að ná stöðuprófi í framhaldsskóla þegar hann er nýkominn heim, t.d. við upphaf 9.bekkjara, jafnvel í 8.bekk.

Við höfum fengið slík dæmi á okkar borð. Foreldrar sem hringja og segja: „Dóttir mín kann norsku, við viljum senda hana í stöðuprófi í framhaldsskóla“. Og við höfum þó nokkur dæmi um að slíkir nemendur hafi náð prófinu og fengið M í framhaldsskóla verandi ennþá í grunnskóla t.d. í 9.bekk.

Það sem blasir við nemandanum þá er að missa af 2-3 ára námi (9+10 bekk + einingar í framhaldsskóla). Missa af tækifærum til að halda færni sinni við og auka. Líklegt er að þremur árum síðar stendur sá nemandi uppi með lakari málfærni en ef hann hefði haldið náminu áfram á venjulegum hraða.

Slík beiting eða misbeiting á stöðuprófi lækkar menntunarstig nemandans. Stöðuprófið kemur í veg fyrir að nemandinn fái út úr skólagöngu sinni það sem þó er í boði. Það getur varla verið hugmyndin með stöðuprófum að þeir eiga að lækka og draga úr tungumálafærni þjóðarinnar?

Í svona tilfelli, þegar nemendur / foreldrar grunnskólabarna koma og sækja í stöðupróf - fyrir aldur fram - spyr maður sig hvað vakir fyrir þeim.



Ef foreldri hringir og spyr mig hvort Anna í 9.bekk gæti tekið stöðupróf í MH spyr ég tilbaka: „Til hvers?“

Stundum geta verið vitrænar skýringar. Ef nemandinn hefur norsku/sænsku að móðurmáli og þarf t.d. að einbeita sér að íslenskunámi getur verið skynsamlegt að losa tíma til þeirra nota.

En yfirleitt verður fátt um svör. Hvers vegna viltu taka stöðupróf í framhaldsskóla?

- Til að flýta fyrir
- Til að spara tíma
- Ég KANN norsku/sænsku og það er tímaeyðsla að leggja tíma og vinnu í þetta.

Og maður spyr sig:

Hvert er viðhorfið til menntunar?

Vantar ekki hér skilning á hvernig tungumálanámsferlið gangi fyrir sig?

Hvert er markmiðið í náminu? Að klára sem fyrst? Ekki að læra sem mest og hafa sem mest út úr því sem þó er í boði.

Er það eftirsóknarvert í sjálfu sér að klára sem fyrst? Eru fyrir því fjárhagslegar ástæður?

Hvaða sýn hafa menn þá á tungumálafærni?

Er það eitthvað sem lærist í eitt skipti fyrir öll, og er svo hægt að meta með því að sitja í tvo tíma og leysa prófverkefni?

Ekki eitthvað sem menn þurfa að stunda reglulega oft á viku til að týna ekki?

Tungumálakennarar hafa aðra sýn á þessu – byggða á meiri þekkingu og skilningi á eðli málsins.

Norsku- og sænskukennarar eru ekki á móti stöðuprófum ef þau eru notuð til að bæta menntun nemenda og auðvelda skólum að gera kennsluna markvissara. En ef þau eru notuð sem leið til að forða nemendum frá námi finnst okkur þau slæm.

Því meðvitaðri sem nemendur og foreldrar og almenningur er um hvers eðlis tungumálafærni er og hvernig maður öðlast og viðheldur henni því líklegra er að þau taki skynsamleg ákvarðanir í sínu námi og meti fagþekkingu tungumálakennara að verðleikum.

Aukin almennur skilningur á þessu gæti verið verðugt verkefni fyrir STÍL að stuðla að.